



BÓKVERK

– frá skapandi prenti
til útgáfu listamanna

Sýning í Safnahúsinu við Hverfisgötu

7. júní 2018 – 2. júní 2019



Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

Hugtakið bókverk hefur margbrotna merkingu í íslensku máli og eru bókverk fjölbreyttur og ósamstæður flokkur bóka í hugum flestra sem til þekkja. Hugtakið var fyrst notað hér á landi undir lok 19. aldar til að lýsa viðamiklum ritverkum sem gefin voru út í mörgum bindum þar sem sérstaklega mikið var lagt í prentun, útlit og umgjörð bókarinnar. Síðan þá hefur hugtakið verið notað þegar talað er um tölusettar bækur, tímarit, veggspjöld og ýmisskonar smáprent, óháð efnistöfum – allt frá fjölritaðri og handgerðri sjálfsútgáfu til fjöldaframliddrar forlagsútgáfu þar sem miklu er tilkostað við umgjörð verksins. Nú á tímum er hugtakið bókverk í hugum flestra bók eftir listamann – þar sem bókin er verk í sjálfu, miðillinn sem listamaðurinn velur vegna þeirra eiginleika sem bókin hefur umfram aðra miðla.



1886, leturtegundir Prentsmiðju Sigmundar Guðmundssonar, Reykjavík.

Tilraunir með bókarformið og forsaga bókverksins

Á sýningunni er lögð áhersla á að sýna forsögu bókverksins í samspili við tilraunir listamanna með bókarformið. Verkin eru sótt í safnkost Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og eru



1944, Lýðveldishugvekja um íslenskt mál, Meistari HH. [Hallbjörn Halldórsson prentari].

öll unnin héraendis frá lokum 19. aldar til dagsins í dag. Sjá má dæmi um skapandi umgjörð prentlistar þar sem bæði handband og ólíkar útgáfur af forlagsbandi eru skoðaðar, ásamt öðru smáprenti eins og veggspjöldum og bókakápum. Öll verkin á sýningunni eru dæmi um prentverk og tilraunir listamanna, prentara og útgefenda til skapandi nálgunar við prentlistina og er áhersla lögð á samstarf listamanna og rit höfunda um gerð bókverka. Eldri verkin á sýningunni eru sett í samhengi við bókagerð samtímans og á sýningunni má sjá bækur og aðra útgáfu listamanna í sínu fjölbreyttasta formi.

Að upplifa bók

Bókverkið virkjar bókina sem grip þar sem lesandinn heldur á henni og flettir – vegur og metur. Við lestur bókverka upplifir lesandinn hreyfingu, endurtekningu og festu allt í senn, upplifun þar sem öll skilningarvitin eru virkjuð. Lesandinn finnur áferðina og snertinguna við pappírinn, lyktina og samtvinnun myndar og texta – allt er þetta sú saga sem aðeins bókverk getur sagt.



2015–2017, Listvísi málagn um myndlist.

Frumkvæði listamanna til eigin útgáfu

Ytri umgjörð og prentaðferð bóka segja oft lítið um gæði þeirra eða mikilvægi, oftar en ekki eru bókverk listamanna gerð úr ódýrum efnum og jafnvel gerð stóru upplagi. Þannig eru verkin ekki einstök listaverk, heldur hluti af upplagi þar sem aðferðir bókagerðar og prentunar eru notaðar til fjöldaframleiðslu verka listamanna og skálda. Fáheyrt er að bókverk listamanna séu gefin úr af stórum bókaforlögum eða stærri stofnunum sem tilheyra kerfi listarinnar. Bókverk eru oftar en ekki gefin út af listamönnunum sjálfum eða litlum forlögum sem sérhæfa sig í gerð bókverka. Frumkvæði listamanna til útgáfu hefur aukist jafnt og þétt alla tuttugustu öldina og í dag eru möguleikar listamanna til útgáfu eigin verka ótal margir, allt frá hefðbundnum prentaðferðum til stafrænnar prentunar ásamt möguleikum hóp fjármögnunar og prentunar samkvæmt eftirspurn.



2018, bæklingar frá sýningunni „Bæklingar“ sem haldin var í sýningarrýmiinu Open, Grandagarði.

Bókverk samtímans

Í dag er útgáfa á bókverkum listamanna gróskumikil og fjölbreyttur hópur listamanna nýtir sér ýmsar leiðir í útfærslu verka sinna – allt frá hinu handgerða til fjölmargra stafræna prentunarmöguleika – allt eftir því hvað hentar hverju sinni. Einnig má nefna að síðustu árin hafa sprottið upp hér á landi örforlög, litlar bókabúðir og hátíðir þar sem miðlun og sala bókverka, ritlinga (zine) og fjölbreyttrar jaðarútgáfu hefur verið í forgrunni. Allt er þetta til marks um að bókverk og bækur listamanna eru ört vaxandi flokkur í aðföngum safna hér á landi.

„... í bókagerð velta listamenn fyrir sér gerð og hlutverki bókarinnar í því skyni að taka bókarformið inn í hugmyndina að verkinu. Þannig verður bókverkið til ...“

Gunnar Harðarson, *Smásmíðar : tilraunir um bóklit og myndmenntir*. Bjartur, 1998

Bókverk listamanna eru ávallt samtal listamannsins við eigin samtíma og þannig viðbrögð við því umhverfi sem listamaðurinn lifir og hrærist í hverju sinni. Þannig koma fram í bókverkum þær aðstæður sem listum eru búnar á hverjum tíma og þær áherslur sem listamönnum eru mikilvægar hverju sinni. Bókverk segja þannig sögu hvers kynslóðar og í þeim myndbirtast hugmyndir, aðferðir og aðbúnaður lista á hverjum tíma.



1962, *Hafið og kletturinn*. Sigurður A. Magnússon, Helgafell. Höfundur Dieter Roth.

Dieter Roth

Bókverkagerð á Íslandi hefur vaxið og dafnað allt frá því að Dieter Roth (1930–1998) kynnti bókina sem listaverk hér á landi í uppúr 1960. Dieter flutti með sér nýja strauma inn í íslenskt listalíf og eru áhrif hans á myndlist, ljóðlist og prentlist héraðs óumdeild.

Síðan hafa listamenn notað bókina sem efnivið í verkum sínum – leikið sér með texta, myndefni, pappír, áferð, umfang og frágang bókverka og þannig notað allar þær ólíku prentaðgerðir og hönnunaraðferðir sem í boði hafa verið á síðustu 60 árum.



1980, *Bók um bók og fleira*. Magnús Pálsson og nemendur við MHÍ.

Bók um bók og fleira Magnús Pálsson

Bók um bók og fleira sem var afurð námskeiðs Magnúsar Pálssonar í bókverkagerð í Myndlista og handíðaskólanum og unnin af honum og nemendum í sameiningu árið 1980. *Bók um bók* er einskona skilgreining á því hvað bók er:

„Kjölur er hverfiás sem heldur saman síðum. Síða er hreyfanlegur flötur. Upplýsingar eru vitneskja sem hlutur gefur um annað en sitt eigið form, ástand eða eðli. Flettanleiki. Flytjanleiki er að færa hlut úr stað án þess að losa hann í sundur.“

Sýningin Bókverk er sett er upp í tilefni af 200 ára afmæli Landsbókasafnsins en undanfarið hefur verið aukin áhersla á sérstöðu bókverka í safnkostinum og í þróun er sérstakt bókverkasafn sem hluti af sérsöfnum Landsbókasafns.

Sýningin er staðsett á 3. hæð í fjölnotasal Safnahúss og verður opin 7. júní 2018–2. júní 2019.

Á meðan á Listahátíð í Reykjavík 2018 stendur verður sýning á bókverki Eyglóar Harðardóttur *Sculpture* og verður frumgerð verksins sýnd í Lestrarsal Safnahússins dagana 7.–17. júní 2018.



2016, Eygló Harðardóttir – *Sculpture*.

Sýningarstjórn: Unnar Örn Auðarson og Ólafur J. Engilbertsson.


Um undirbúning sýningarinnar sáu: Jökull Sævarsson og Rannver Hannesson.

Einnig unnu að sýningunni: Anna Kristín Gunnarsdóttir, Áki Guðni Karlsson, Áslaug Agnarsdóttir, Guðjón Pálmarsson, Hildur Ploder Vigfúsdóttir, Magný Rós Sigurðardóttir, Oddfríður S. Helgadóttir, Ólafur Guðnason, Sigurður Örn Guðbjörnsson og Sóley Hjartardóttir.

Sérstakar þakkir: Listasafn Íslands, Arndís S. Árnadóttir, Benedikt Hjartarson, Brynja Baldursdóttir, Gauti Kristmannsson, Goddur, Haukur Dór, Ingólfur Arnarsson, Sigurjón Jóhannsson, Soffía Auður Birgisdóttir, Svanur Jóhannesson, Þorbjörg Jónsdóttir.

Prentun: Guðjón Ó.

**BÓKVERK – Sýning í Safnahúsinu – 7. júní 2018 – 2. júní 2019
í samstarfi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns við
Listaháskóla Íslands, Nýlistasafnið og Listahátíð í Reykjavík.**

 Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

200 ára | 1818–2018

